

Nd.

406. Nefndarálit

um frumv. til laga um stöðvun á verðgildi íslenskra peninga.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Að vísu bauð minni hlutinn meiri hluta nefndarinnar þá miðlun, að leitast væri við að festa íslenska peninga í því gengi, sem þeir nú hafa, en þar sem sú miðlunartillaga gat ekki leitt til sameiningar, þá sjer minni hlutinn ekki ástæðu til að bera fram neinar breytingartillögur. Er það bersýnilegt, að sú leið, sem ætlast er til í frv. að farin verði, er bæði öruggari og rjettlátari. Að öðru leyti vísast til nefndarálits minni hlutans og umræðna nm þetta mál á síðasta þingi.

Alþingi, 21. apríl 1927.

Ásgeir Ásgeirsson, Halldór Stefánsson.
frsm.